

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins

í málinu nr. 7/2021;

Drangajökull og fjalllendi sunnan og vestan hans

I. Inngangur

Fyrirsvar málsaðila

Undirritaður, Ívar Pálsson hrl., Landslögum, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins.

Framlögð skjöl

Af hálfu íslenska ríkisins er lögð fram greinargerð þessi, greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar í Árneshreppi frá 19. nóvember 2019 og skjáskot af vefnum islenkskirjoklar.is.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, þ.m.t. vegna gróðurfars.

II. Kröfugerð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Drangajökull (Ármúli, Skjaldfönn og Laugarland)

Upphafspunktur er í sveitarfélagamörkun Strandabyggðar og Árneshrepps þar sem vötnum hallar milli Hraundals og Laugalands (1). Þaðan í beinni línu sjónhending í ysta og hæsta horn á Sjónarhól, sem ræður merkjum Ármúla og Skjaldfannar (2). Þaðan bein lína í upptök Mórillu í Drangajökli (3). Þaðan til N.V. að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna, og þaðan

norður um Drangajökul eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Ísafjarðarbæjar að sveitarfélagamörkum Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps við Hrolleifsborg (4). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Árneshrepps í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum vegna kröfusvæðisins *Drangajökull* (*Ármúli, Skjaldfönn og Laugarland*) frá upphaflegri kröfulýsingu.

Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull

Upphafspunktur er í upptökum Unaðsdalsár sem ræður merkjum Bæjar og Unaðsdals (1). Þaðan eftir beinni línu í fjallsbrún þar sem Mýrará rennur af fjalli sem ræður merkjum Unaðsdals og Tyrðilmýrar (2). Þaðan eftir fjallsbrún í landamerkjalæk innan til við Skeljavíkurkleif sem ræður merkjum Tyrðilmýrar og Æðeyjar (3). Þaðan í fjallsbrún í Innra Skarði og eftir fjallsbrúnum Innra Skarðs og Eyjahlíðar að Rjóðralæk sem ræður merkjum Æðeyjar og Skarðs (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Ytra Skarð, þaðan fylgir línan fjallsbrúnum Ytra Skarðs í Bjartalæk sem ræður merkjum Skarðs og Sandeyrar (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Berjadalsá sem ræður merkjum Sandeyrar og Snæfjalla (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum þar sem lækurinn Mígandi rennur af fjalli á milli Álku og Stofu og ræður merkjum Snæfjalla og Ness (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum og sjónhendingu í upptök Kumlár sem ræður merkjum Ness og Sútarabúða (8). Þaðan sjónhending frá upptökum Kumlár í fjallsbrún og þaðan eftir fjallsbrúnum í Hádegishorn sem ræður merkjum Faxastaða og Oddsstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skál sem ræður merkjum milli Oddsstaða og Sútarabúða (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í fremri hyrnu Miðdals (11). Þaðan sjónhending í upptök Staðarár við Lambavötn áfram í fjallsbrún Lambavatnahlíðar (12). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hildarhaug á Seljafjalli sem ræður merkjum Staðar og Kollsár (13). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Hrafnabjargarfossi og þaðan sjónhending í fossinn sem ræður merkjum Kollsár og Höfðastrandar (14). Þaðan sjónhending í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Hrafnabjarga og áfram í upptök Deildarár, sem ræður merkjum Höfðastrandar og Höfða, (15). Þaðan bein lína í efsta foss Fossdalsár sem ræður merkjum Höfða og Dynjanda (16). Þaðan sjónhending í fjallsbrún Sauðhyrnu og þaðan eftir fjallsbrúnum Múladals, Gæsafells og Dynjandisdals í Skógarlæk ytri sem rennur úr gili á fjallinu sem ræður merkjum Dynjanda Öldugilslandi/Leiru (17). Þaðan eftir miðlínu Skógarlækjar til sjávar og afmarkar sjór í miðja Jökulá í Leirufirði og þaðan eftir miðlínu jökulárinnar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna, og eftir jökulröndinni í punkt sem er í u.þ.b. 500m hæð (18). Þaðan ráða fjallsbrúnir Leirufjalls í punkt

í fjallsbrún sem er í sjónhendingu frá Vegalæk. sem ræður merkjum Leiru og Kjósar (19). Þaðan eftir fjallsbrúnum á ystu klettabrún ofan Hrafnahnjúka, Bæjardals, Skipseyrardals, um Jökuldali og að og með landamerkjum Furufjarðar á Nónfjalli, sem liggja frá Skorarheiði eftir hæsta fjallshrygg Nónfjalls og inn á hæstu hryggi austanvert fjarðarins og til sjávar (19). Þaðan afmarkast kröfuvæðið af sjó að Biskup neðan Geirólfsgrúps og þaðan eftir sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps í jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998 að sveitafélagsmörkum Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps við Hrolleifsborg (20). Þaðan yfir Drangajökul eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Ísafjarðarbæjar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998 í landi Lónseyrar (21). Þaðan áfram eftir jökulrönd, eins og hún var 1. júlí 1998, að merkjum Bæja og Leiru þar sem vötnum hallar norður af fjallgarðinum, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Bæja á Snæfjallaströnd frá 1891, og eftir þeim í upphafspunkt í upptökum Unaðsdalsár.

Gerð er eftirfarandi breyting á kröfugerð íslenska ríkisins. Er þess nú krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfuvæðisins, sbr. eftirfarandi breytta kröfulínu:

Upphafspunktur er í upptökum Unaðsdalsár (Dalsár) sem ræður merkjum Bæjar og Unaðsdals (1). Þaðan eftir beinni línu í upptök Mýrarár sem ræður merkjum Unaðsdals og Tyrðilmýrar (2). Þaðan í beinni línu í landamerkjalæk innan til við Skeljavíkurkleif sem ræður merkjum Tyrðilmýrar og Æðeyjar (3). Þaðan í fjallsbrún í Innra Skarði og eftir fjallsbrúnum Innra Skarðs og Eyjahlíðar að Rjóðralæk sem ræður merkjum Æðeyjar og Skarðs (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Ytra Skarð, þaðan fylgir línan fjallsbrúnum Ytra Skarðs og þaðan í Bjartalæk sem ræður merkjum Skarðs og Sandeyrar (5). Þaðan í fjallsbrúnir og eftir þeim í upptök Berjadalsár sem ræður merkjum Sandeyrar og Snæfjalla (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum þar sem lækurinn Mígandi rennur á milli Álku og Stofu sem ræður merkjum Snæfjalla og Ness (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum og sjónhendingu í upptök Kumlár sem ræður merkjum Ness og Sútarabúða (8). Þaðan sjónhending frá upptökum Kumlár í fjallsbrún og þaðan eftir fjallsbrúnum í Hádegishorn sem ræður merkjum Faxastaða og Oddsstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skál sem ræður merkjum milli Oddsstaða og Sútarabúða (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í fremri hyrnu Miðdals (11). Þaðan sjónhending í upptök Staðarár við Lambavötn sem ræður merkjum Staðar og Faxastaða ásamt Oddsflöt (12). Þaðan sjónhending áfram í fjallsbrún Lambavatnahlíðar (13). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hildarhaug á

Seljafjalli sem ræður merkjum Staðar og Kollsár (14). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Hrafnabjargarfossi og þaðan sjónhending í fossinn sem ræður merkjum Kollsár og Höfðastrandar (15). Þaðan sjónhending í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Hrafnabjarga og áfram í upptök Deildarár, sem ræður merkjum Höfðastrandar og Höfða, (16). Þaðan bein lína í efsta foss Fossdalsár sem ræður merkjum Höfða og Dynjanda (17). Þaðan sjónhending í fjallsbrún Sauðhyrnu og þaðan eftir fjallsbrúnum Múladals, Gæsafells og Dynjandisdals í Skógarlæk ytri sem rennur úr gili á fjallinu sem ræður merkjum Dynjanda Öldugilslandi/Leiru (18). Þaðan eftir miðlínu Skógarlækjar til sjávar og afmarkar sjór í miðja Jökulá í Leirufirði og þaðan eftir miðlínu jökulárinnar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna, og eftir jökulröndinni í punkt sem er í u.þ.b. 500m hæð (19). Þaðan ráða fjallsbrúnir Leirufjalls í punkt í fjallsbrún sem er í sjónhendingu frá Vegalæk sem ræður merkjum Leiru og Kjósar (20). Þaðan eftir fjallsbrúnum á ystu klettabrún ofan Hrafnahnjúka, Bæjardals, Skipseyrardals, um Jökuldali og að og með landamerkjum Furufjarðar á Nónfjalli, sem liggja frá Skorarheiði eftir hæsta fjallshrygg Nónfjalls og inn á hæstu hryggi austanvert fjarðarins og til sjávar í klettinn Könnu sem ræður merkjum Furu- og Paralátursfjarðar (21). Þaðan afmarkast kröfusvæðið af sjó að Biskup neðan Geirólfsgrúps og þaðan eftir sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps í jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga, nr. 58/1998 að sveitafélagsmörkum Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps við Hrolleifsborg (22). Þaðan yfir Drangajökul eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Ísafjarðarbæjar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga, nr. 58/1998 í landi Lónseyrar (23). Þaðan áfram eftir jökulrönd, eins og hún var 1. júlí 1998, að merkjum Bæja og Lónseyrar þar sem vötnum hallar norður af fjallgarðinum, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Bæja á Snæfjallaströnd frá 1891, og eftir þeim í upphafspunkt í upptökum Unaðsdalsár (Dalsár).

Framangreindar breytingar eru að mestu til leiðréttingar á kröfupunktum, m.a. með tilliti til staðsetninga örnefna, ef frá eru taldar breytingar á kröfupunktum nr. 1, 2 og 23 þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum landeigenda. Með breyttri kröfugerð falla jarðirnar Lónseyri, Bæir og Kjós nú utan kröfusvæðisins.

III. Málavextir

Um málavexti vísar íslenska ríkið til framlagðar kröfulýsingar, dags. 15. september 2020. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar af hálfu óbyggðanefndar með tilskyldum hætti. Var þeim sem töldu sig eiga kröfu á kröfusvæðinu veittur frestur til 1. febrúar 2021 til að leggja fram kröfur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Drangajökuls (Ármúli, Skjaldfönn og Laugalands:

Sæmörk ehf. vegna Laugalands í Strandabyggð.

Jóhann Alexandersson, Kristín Aðalsteinsdóttir, Jóhann Aðalsteinsson, Sólveig Jóna Ögmundsdóttir, Guðjón Gunnar Ögmundsson, Ingimar Ólafsson f.h. db. Vilborgar Benediktsdóttur, Kristín Guðjónsdóttir, Jónas Helgi Guðjónsson, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, Ólöf Ingibjörg Guðjónsdóttir, Arnar H. Guðjónsson, Jóhanna S. Guðjónsdóttir og Guðjón Kristinn Guðjónsson vegna Skjaldfannar.

Ekki var lýst kröfu vegna Ármúla.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Dalsheiðar, Snæfjallaheiðar og Drangajökuls:

Pálína Jóhanna Jensdóttir vegna Lónseyrar.

Pálína Jóhanna Jensdóttir vegna Bæja á Snæfjallaströnd.

Ingibjörg Kjartansdóttir, Helgi Kjartansson, Elín Anna Kjartansdóttir og Reynir Snær Hrafnkelsson vegna Unaðsdals á Snæfjallaströnd.

Jens Kjartansson vegna Tirðilmýrar á Snæfjallaströnd.

Katrín S. Alexíusdóttir vegna Æðeyjar.

Gunnar Örn Hauksson vegna Sandeyrar.

Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Hanna Rannveig Sigfúsdóttir, Sjöfn Eydís Sigfúsdóttir, Finnur Hrafn Jónsson, Kristján Jónsson og Sólveig K. Jónsdóttir vegna Ness í Grunnavík.

Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Hanna Rannveig Sigfúsdóttir, Sjöfn Eydís Sigfúsdóttir, Finnur Hrafn Jónsson, Kristján Jónsson og Sólveig K. Jónsdóttir og Stefán Hagalín Ragúelsson vegna Sútarabúða og Oddsflatar.

Svanberg Kristinn Jakobsson og Guðfinnur Ellert Jakobsson vegna Kollsár í Jökulfjörðum.

Albert Ingason, Svanberg Kristinn Jakobsson, Ásta Svana Ingadóttir, Ingi Ingason, Guðfinnur Ellert Jakobsson, Árni Helgi Ingason, Kristján Hilmar Lyngmo, Reimar Vilmundarson f.h. db. Vilmundar Reimarssonar, Ásthildur Gunnarsdóttir, Halldís Gunnarsdóttir og Halldór Gunnarsson vegna Höfðastrandar.

Guðmundur Kr. Eydal og Halldór Páll Kr. Eydal vegna Höfða í Jökulfjörðum.

Db. Steinunnar M. Guðmundsdóttur vegna Dynjanda í Jökulfjörðum.

Leira eignarhaldsfélag ehf. vegna Leiru.

Leira eignarhaldsfélag ehf. vegna Kjósar.

Guðmundur Karl Bergmann, Halldór Gíslason, Aðalheiður Halldórsdóttir, Bára Gísladóttir, Guðríður Gísladóttir, Páll Pálsson og Ætt Hjartar Guðmundssonar sf. vegna Hrafnfjarðareyrar.

Reimar Hafsteinn Vilmundarson f.h. db. Vilmundar Reimarssonar, Ásthildur Gunnarsdóttir, Halldís Gunnarsdóttir, og Halldór Gunnarsson vegna Furufjarðar á Ströndum.

Steinunn P. Hafstað, Sigríður Þorvaldsdóttir, Baldur Sigurðsson, Valgerður Ingibjörg Hafstað, Baldur Hafstað og Gísli Sigurðsson vegna Þaralátursfjarðar.

Elín Elísabet Ragnarsdóttir, Steinunn Ragnarsdóttir, Reynir Ragnarsson, Ragnheiður I. Ragnarsdóttir, Kjartan Ragnarsson, Guðmundur Ketill Guðfinnsson, Hallgrímur Guðfinnsson, Erla Jóhannesdóttir og Pröstur Jóhannesson vegna Reykjafjarðar ásamt Sæbóli.

Ekki var lýst kröfum vegna Skarðs, Snæfjalla og Staðar.

IV. Málsástæður

Um málsástæður og heimildir er vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020 og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Íslenska ríkið byggir á að framangreind landssvæði, sem kröfur ríkisins ná til, séu svæði utan eignarlanda og því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Drangajökuls* (*Ármúli, Skjaldfönn og Laugalands*) er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir, en það eru Hraundalur, Ármúli, Lónseyri. Við afmörkun kröfusvæðis, þar sem landamerkjabréf liggja ekki fyrir eða þar sem landamerkjalyking er óljós er

stuðst við landfræðilega legu og gróðurfar sem gefa vísbendingu um að kröfusvæði hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti sem styðji að um eignarland sé að ræða. Sömu ályktun má draga af greinargerð Náttúrufræðistofnunar um gróðurfar í Árneshreppi frá nóvember 2019, sbr. nýtt framlagt skjal. Merki við Jökul miða við niðurstöður Óbyggðanefndar og dóma um merki jökla og merki á jökli miðað við sveitarfélagamörk.

Einnig vísað til umfjöllunar í úrskurði óbyggðanefndar 21. febrúar 2020 í máli nr. 1/2019 (Suðausturhluti Drangajökuls), bls. 112–113.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Dalsheiðar, Snæfjallaheiðar og Drangajökuls* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir, en það eru Lónseyri, Bæir, Unaðsdalur, Tyrðilmýri, Æðey, Skarð, Sandeyri, Snæfjöll, Nes og Naust, Faxastaðir, Sútarastaðir og Oddsflöt, Staður, Kollsá, Höfðaströnd, Höfði, Dynjandi, Leira, Hrafnfjarðareyri, Furufjörður, , Reykjafjörður, Sæból og Skjaldbjarnarvík. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í yfir 500m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Sá hluti svæðisins sem er neðar en þó á fjalli er líka gróðursnauður. Merki við Jökul miða við niðurstöður Óbyggðanefndar og dóma um merki jökla.

Einnig er byggt á nýlegum rannsóknum á grundvelli samstarfsverkefnis Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jöklarannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands þar sem íslenskir jöklar hafa verið rannsakaðir m.t.t. þeirra breytinga sem átt hafa sér stað. Niðurstöður rannsóknanna má sjá á islenkirjoklar.is.

Bæði kröfusvæðin liggja að Drangajökli. Samkvæmt framangreindum rannsóknum hafa orðið miklar breytingar á Drangajökli vegna hnignunar hans. Þannig sýna rannsóknirnar fram á að Drangajökull var um 271 ferkílómetrar árið 1850 en 137 árið 2019.

Lýst er kröfu í þann hluta Leiru í Leirufirði sem áður hét Öldugil. Í sóknarlýsingu Vestfjarða er greint frá afréttarlandi í Leirufirði, hvar jörð, nefnd Öldugil, eyðilagðist af jökulhlaupi. Nálægir bæir hafi þar upprekstur. Við rekstur málsins hafa að mati íslenska ríkisins ekki komið fram gögn um að Öldugilslandið hafi orðið hluti af eignarlandi Leiru í kjölfar þess að Öldugil lagðist í eyði vegna jökulhlaups, auk þess að ljóst er að nokkur hluti landsins var undir jökli.

Með kröfulýsingu íslenska ríkisins var lýst kröfum í jarðirnar Paralátursfjörð, Reykjafjörður og Sæból í heild þrátt fyrir að heimildir liggja fyrir um að um sé að ræða jarðir. Landamerkjabréf er ekki til af Paralátursfirði en henni er lýst í

landamerkjabréfum Furufjarðar og Reykjafjarðar. Erfitt er, þrátt fyrir það, að ráða hver merki jarðarinnar voru. Jörðinni er t.d. ekki lýst í sóknarlýsingu. Þá virðist vera að jörðin hafi ekki verið lengi í byggð og saga búskapar á henni í nútíma mjög stutt. Sveitarfélagið virðist selja hana í byrjun 20. aldar. Enginn gögn liggja hins vegar fyrir um hvernig sveitarfélagið eignaðist jörðina. Landamerkjabréf eru til fyrir Reykjafjörð og Sæból en merkin lýsa einungis afmörkun jarðanna við tilgreind örnefni nærri sjó, n.t.t. örnefnin „Kerlingardyr“ en einnig „Biskup“ sem stendur undir Geirólfsnúpi.

Þar sem landamerkjum er ekki lýst með nánari hætti, inn til landsins, er ekki með góðu móti hægt að miða við þekktu punkta eða hæðarlínur. Gróðurfari og landslagi er lýst sem gróðursnauðu landsvæði með jökulgörðum vegna framgangs skriðjökuls. Þá er bent á að samkvæmt framangreindum jökularannsóknum gekk hluti skriðjökuls úr Drangajökli, þ.e. sá hluti skriðjökulsins sem gekk út Reykjafjörð, að láglandinu við Stórahorn. Af þeim sökum eru líkur á að landnýting svæðisins hafi verið takmörkuð. Við málsmeðferðina hingað til hafa ekki komið fram nánari skýringar eða gögn um afmörkun jarðanna eða nýtingu.

Í málunum er almennt byggt á sjónarmiðum sem fram koma í úrskurði óbyggðanefndar 21. febrúar 2020 í máli nr. 1/2019 (Suðausturhluti Drangajökuls), bls. 112–113. Einnig er byggt á framangreindum jökularannsóknum sem voru samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jökularannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands þar sem íslenskir jöklar hafa verið rannsakaðir m.t.t. þeirra breytinga sem átt hafa sér stað.

V. Lagarök

Um lagarök er aðallega vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

Vísað er til framlagðra skjala og hliðsjónargagna óbyggðarnefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni gefur til.

VII. Áskoranir og sérstakur áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga, sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 16. júní 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
vegna íslenska ríkisins,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ívar Pálsson". The signature is stylized with a large, sweeping initial "Í" and a distinct "P" and "á".

Ívar Pálsson hrl.